


Ástand verðmerkinga á Hellu, Hvolsvelli, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Höfn


Neytendastofa hefur gert könnun á ástandi verðmerkinga frá Hellu til Hafnar. Skoðaðar voru matvöruverslanir, bakarí, og sérvöruverslanir.

Farið var í fimm matvöruverslanir á svæðinu. Valdar voru 25 vörur af handahófi í hverri verslun, kannað hvort þær væru verðmerktar og hvort verðmerking á hillu væri í samræmi við verð í kassa. Engin matvöruverslun var með allt rétt merkt. Alls voru skoðaðar 125 vörur og voru verðmerkingar af 13% þeirra í ólagi.



Farið var í eitt bakarí og kannaðar annars vegar merkingar í kæli og hins vegar í borði. Vörur í kæli reyndust óverðmerktar en ástand verðmerkinga í borði var gott.

Verðmerkingar voru kannaðar í sjö sérvöruverslunum bæði inni í verslunum og í sýningargluggum, þar sem það á við. Ástand verðmerkinga var almennt gott og í verslunum Hjá Dóru, Blóm og Bróderí og Martölvan voru engar athugasemdir gerðar.



Aðilum sem Neytendastofa telur ástæðu til að gera athugasemdir við vegna ástand verðmerkinga verður sent bréf frá stofnuninni og gefinn kostur á að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Könnuninni verður fylgt eftir og ef þurfa þykir teknar ákvarðanir um hugsanleg viðurlög vegna slæms ástands verðmerkinga.

Neytendastofa hyggst halda verðmerkingareftirliti sínu áfram og kanna verðmerkingar á öðrum svæðum á landinu.

Ábendingum vegna rangra eða ófullnægjandi verðmerkinga má koma til neytendastofa í gegnum rafræna Neytendastofu á vefslóðinni rafraen.neytendastofa.is.